

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um ráðherrabíla og bílstjóra.

Frá Birni Leví Gunnarssyni.

1. Hvaða lög og reglur kveða á um afnot ráðherra af ráðherrabílum í starfi annars vegar og utan starfs hins vegar?
2. Hefur verið gert hlunnindamat vegna notkunar ráðherra á ráðherrabílum? Ef svo er, hvert er hlunnindamatið og á hvaða forsendum er það byggt?
3. Heldur ráðherra akstursdagbók þar sem skráð eru erindi og akstursvegalengd?
4. Er akstursdagbók yfirfarin og það metið hvenær ráðherra notar bifreiðina í embættis-erindum og hvenær í einkaerindum? Hver fer yfir og leggur mat á það?
5. Hver er mánaðarlegur kostnaður við rekstur hverrar ráðherrabifreiðar frá og með árinu 2009? Sundurliðun óskast á rekstri bifreiðar og kostnaði vegna bílstjóra.

Skriflegt svar óskast.
